DEILISKRÁNING FORNMINJA Í LANDI YSTABÆLIS Í RANGÁRÞINGI EYSTRA

KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2020
FS819-20411

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Í forgrunni á forsíðumyndinni er nyrsti hluti deiliskipulagssvæðisins í landi Ystabælis. Í fjarska má sjá Steinafjall og Eyjafjallajökul. Myndina tók Kristborg Þórsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2020

Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt	5
Summary	5
1. Inngangur	6
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	8
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	10
4. Fornleifaskrá	12
5. Niðurstöður	19
6. Heimildaskrá	24
7. Hnitaskrá ISN93	25
8. Minjakort	26

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan 17 ha svæðis í landi Ystabælis í Rangárþingi eystra, áður í Eyjafjallahreppi. Þar er verið að skipuleggja lóðir fyrir íbúðarhús með hugsanlega búsetu á staðnum. Farið var á vettvang í október 2020 og voru skráðar níu fornleifar (minjaeiningar). Umfangsmestu minjarnar eru bæjartóftir Ystabæliskots eystra og Ystabæliskots vestra. Ystabæliskot var hjáleiga frá Ystabæli en seinna lögbýli sem átti óskipt land með heimajörðinni. Allar minjarnar innan deiliskipulagsmarka eru skilgreindar í stórhættu þó að líklega sé að hægt að komast hjá raski á þeim flestum.

Efnisorð: Fornleifaskráning, Ystabæli, Ystabæliskot, Rangárþing eystra, eyðibýli

Summary

In this report are the findings and conclusions of a detailed field survey carried out within a 17 ha plot belonging to the property of Ystabæli, situated in South-Iceland. The survey was carried out in October 2020 in relation to the landowners plans to build apartment buildings within the area. A total of 9 archaeological sites were surveyed within the area. Among those are two well preserved ruins of the farms Ystabæliskot eystra and Ystabæliskot vestra, tenant farms from Ystabæli. All of the archaeological sites are considered at high risk of being affected by building construction, although most of them could be spared with the necessary precautions.

Keywords: Archaeology, detailed survey, Ystabæli, Ystabæliskot, Rangárþing eystra, abandoned farm

1. Inngangur

Síðla hausts 2020 höfðu landeigendur Ystabælis í Rangárþingi eystra samband við Fornleifastofnun Íslands ses og fóru þess á leit að stofnunin ynni deiliskráningu fornminja innan jarðarinnar þar sem verið er að skipuleggja lóðir fyrir íbúðarhús með hugsanlega búsetu á staðnum á um 17 ha stórum deiliskipulagsreit.

Farið var á vettvang í blíðskaparveðri þann 16. október og rætt við heimildamenn sem gengu um hluta svæðisins með Kristborgu Þórsdóttur fornleifafræðingi. Auk þess að sjá um



Deiliskipulagssvæði í landi Ystabælis er innan rauðrar línu á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Staðsetning þess er sýnd sem rauður punktur á innfelldu Íslandskorti.

skráningu á vettvangi og úrvinnslu skrifaði Kristborg skýrslu þessa.

Deiliskipulagssvæðið er norðaustast á jörðinni Ystabæli á milli heimreiðar að bænum og skurðar sem er á merkjum Ystabælis og Miðbælis. Að norðaustanverðu er svæðið afmarkað af Leirnavegi (243) og að suðvestanverðu af framræsluskurði. Innan deiliskipulagssvæðisins var lögbýlið Ystabæliskot og innan marka þess eru þekkt tvö bæjarstæði sem tilheyrðu býlinu; Ystabæliskot eystra og Ystabæliskot vestra. Bæjartóftir kotanna sjást vel og var þeim hlíft þegar tún var ræktað á deiliskipulagssvæðinu á 8. áratug síðustu aldar. Ystabæliskot var hjáleiga frá Ystabæli og átti óskipt land með heimajörðinni utan túns. Fornleifastofnun Íslands vann heimildaskráningu fyrir gamla Eyjafjallahrepp árið 2000 og í henni var stuðst við óútgefna fornleifaskráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur á svæðinu frá 1980-1981.[1] Minjar sem taldar

1 Sædís Gunnarsdóttir, 2000.

eru tengjast bæjarstæðum Ystabæliskots eystra og vestra eru skráðar undir því lögbýlisnúmeri en aðrar minjar eru skráðar undir Ystabæli, heimajörðinni, eða sem fornleifar á fleiri en einni jörð.

Úttektarsvæðið er flatlent og grasi gróið. Að sögn heimildamanna var það tekið til ræktunar árið 1972 og þá ræst fram, jafnað og plægt fyrir sáningu. Það skiptist í fimm misstór túnstykki sem eru aðskilin af djúpum framræsluskurðum. Svaðbælisá rann lengi um úttektarsvæðið og olli skemmdum á því með landbroti og framburði, einkum í flóðum og vatnavöxum. Það breyttist upp úr miðri síðustu öld þegar farvegi árinnar var veitt í Bakkakotsá og landið greri upp. Við skráningu var gengið skipulega yfir allt svæðið og innan þess voru skráðar níu fornleifar.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum. Þar er fjallað um allar þær fornleifar sem skráðar voru innan deiliskipulagssvæðisins. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni eru minjakort og hnitaskrá.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (NM, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við einninganúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001 01). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornleifar í skýrslum Fornleifastofnunar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða),

mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Allar minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagssvæðisins eru skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda. Á það jafnt við minjar sem enn sjást á yfirborði og þær sem aðeins heimildir eru um því að talsverðar líkur er á því að þær séu enn að hluta til varðveittar undir sverði. Í flestum, ef ekki öllum tilvikum ætti að vera hægt að komast hjá raski á þekktum minjum innan svæðisins ef tillit er tekið til þeirra við hönnun og staðsetningu mannvirkja.

Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem reyndust innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4. Fornleifaskrá

RA-022 Yztabæli

10 hdr. 1709. 1340: Jarðarinnar getið í máldaga Þykkvabæjarklausturs. (DI II, 740). "Reka á jörðin nokkurn, meinast liggur fyrir Berjanesslandi og að nokkru leyti Leirna; segjast ábúendur ei gagn af honum haft hafa um skamt." (JÁM I, 49). "Ystabæli er komið í byggð um 1100 og hefur heitið Ysta-Arnarbæli." (SB IV, 69)
1709: "Hagar eru mjög litlir. Túnum spillir sandur, líka öðru slægjupátzi." (JÁM I, 49). 1924: Tún 2,6 ha, garðar 1850 m2.

RA-022:017 garðlag landamerki 467121 335050
Sigurður og Örn Sveinbjarnarsynir, heimildamenn, mundu vel eftir torfhlöðnum garði á austurmerkjum Ystabælisjarðarinnar þar sem grafinn hefur verið djúpur og breiður skurður. Landamerkjagarðurinn lá um flatlent, fremur slétt og grasi gróið svæði. Víða má sjá ummerki um uppþornaða vatnsfarvegi vestan við merkin.

Landamerkjagarður 017, horft til norðurs.

Garðurinn er horfinn vegna skurðgraftar. Svo virðist þó sem að lítill hluti hans hafi sloppið frá eyðileggingu því að torfhlaðinn garður sést á milli skurðar og skurðruðnings fast suðaustan við Ystabæliskot eystra 001. Garðurinn er 19 m langur, 0,6-0,8 m breiður og 0,2-0,3 m á hæð. Aldur garðsins er ekki þekktur en líklegt er að hann hafi verið hlaðinn á 20. öld. Hann er þá á mörkum þess að geta talist til fornminja en í lögum um menningarminjar eru mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar. Ef herforingjaráðskort 59 NV er rétt upp og lagt ofan á loftmynd má sjá að hluti af túni Gíslakots RA-021 í landi Miðbælis RA-020 hefur verið vestan við núverandi merki. Áður en landamerkjagarðurinn var hlaðinn má ætla að merkin hafi ekki verið eins bein lína og síðar varð. Hafa þau líklega frekar fylgt farvegum áa og lækja um svæðið.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 59 NV

RA-023 Yztabæliskot

10 hdr. 1709. Hjáleiga Yztabælis. "... högum og reka er ei skift með þessari jörð og Ysta Bæle, meinast því ein til forna verið hafa." (JÁM I, 49). Tvíbýli varð síðar á jörðinni, Ystabæliskot

eystra og vestra. Eystra kotið féll úr byggð árið 1900, en það vestra árið 1880. (SB IV, 70). 1709: "Engjum spilla ár í vatnavöxtum með leiri og óklárendum, so og flýtur Holtsós yfir slægjur, nær fyrir hans útrás lengi teppist og næst þá ei heyskapur. Hagar eru mjög litlir og þröngt um beit vetur og sumar." (JÁM I, 50). 1839: "[Kotin eru] túnlaus að kalla, en með nokkrum útslægjum og litlum högum." (SSR, 18).

RA-023:001 01 *Yztabæliskot eystra/Finnskot* tóft bústaður 467091 335069 "Ystabæliskot, eystra, stóð við austurmark Ystabælislands, um 500 m austnorðaustur frá Ystabæli [yngsta bæjarstæðinu RA-022:005]. ... Ystabæliskot eystra féll úr byggð 1900," segir í Sunnlenskum byggðum. "Önnur þeirra [hjáleiganna] er rétt austur við Miðbælismarkið, hin [002] rétt austan við veginn, sem nú (1966) liggur niður að Yztabæli," segir í örnefnaskrá. Í skráningargögnum Guðrúnar Sveinbjarnardóttir er Finnskot annað nafn á býlinu og höfðu heimildamenn, Örn og Sigurður Sveinbjarnarsynir, aðeins heyrt kotið nefnt Finnskot. Faðir þeirra, Sveinbjörn Ingimundarson, vildi ekki hrófla við bæjartóftinni þegar svæðið í kringum hana var sléttað í tún, á 8. áratug síðustu aldar. Ystabæliskot eystra eða Finnskot er 145 m suðaustan við Ystabæliskot vestra 002. Á bæjarstæðinu er ekki greinileg mikil uppsöfnun mannvistarlaga greinileg og sést enginn bæjarhóll. Á bæjarstæðinu eru yfirborðsminjar á svæði sem er 55x25 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan þess eru þrjár minjaeiningar: stór bæjartóft 01 sem enn sést glögglega, stök tóft 02 og heimild um kálgarð 03.



Uppmældar minjar á bæjarstæði Ystabæliskots eystra 023:001 og í næsta nágrenni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Minjar um kotið eru í horni milli tveggja skurða á flatlendu og grasgefnu túni. Túnið hefur ekki verið nýtt lengi til annars en beitar og hefur því ekki verið endurræktað. Engar skepnur eru lengur á jörðinni og var því mikill grasgróður og sina á bæjarstæðinu þegar það var skráð á vettvangi í október 2020.

Bæjartóft Ystabæliskots eystra 001 01, horft til VNV.

Mynd tekin með flygildi ofan á bæjartóftina til NNA.

Hefst minjalýsing á bæjarstæðinu á bæjartóft 01 sem er á norðurhluta þess. Tóftin er torfhlaðin og sneru stafnar húsa fram á hlaðið til suðurs. Er hún 45 m á lengd og 12 m á breidd, snýr austur-vestur. Í tóftinni eru sex hólf sem öll eru samansigin og sést innanmál þeirra fremur illa. Hefst lýsing þeirra í austurenda tóftar. Þar er lítið hólf sem er 2,5x2 m að innanmáli, snýr norður-suður. Þar vestan við er hólf sem er litlu stærra, 3,5x2 m að innanmáli, og snýr eins. Í miðri tóftinni er op inn í stutt göng og úr þeim er op til beggja handa (austurs og vesturs) inn í hólf sem eru svipuð að innanmáli, 3,5x3,5 m. Hér er líklegt að íveruhúsin í bænum hafi verið. Þar vestan við eru óljós skil á milli austur- og vesturhluta tóftar og kann þar að hafa verið heystæði. Vestan við þessi skil er hólf sem er 4x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Framan við það til suðurs er grunnur niðurgröftur. Kemur til greina að í þessu hólfi hafi verið fjós. Vestast í tóftinni er stór heygarður sem er 8x7 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Ekki sést skýrt op á honum. Ung torfhleðsla liggur á kafla meðfram skurði suðvestan við bæjartóftina og yfir suðvesturhorn heygarðsins. Ekki er ljóst hvaða tilgangi hún hefur þjónað en helst kemur til greina að þarna hafi verið hlaðið undir girðingu. Hæð veggja í sunnanverðri tóftinni er mest um 0,8 m en að norðanverðu, að húsabaki, er hæðin ríflega 1 m, allt að 1,2 m.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:SB IV, 70; Ö-Yztabæli, 1; Guðrún Sveinbjarnardóttir 1981, Ystabæli

RA-023:001 02 tóft óþekkt 467123 335074

Við austurenda bæjartóftar 01 er óljós tóft sem virðist lítillega niðurgrafin. Suðurveggur tóftarinnar er greinilegastur, einkum innri brún hans. Aðrir hlutar tóftarinnar eru mjög óljósir. Tóftin er einföld og virðist vera 8x8 m að stærð, mesta hæð veggja er 0,4 m. Ekki sést skýrt op á henni. Tóftin er frammi á nokkuð afgerandi brún og neðan við hana til austurs eru ummerki um

Tóft 001 02, horft til norðausturs.

gróinn og þurran vatnsfarveg. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að hún hafi gegnt hlutverki heystæðis eða útihúss.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-023:001 03 heimild um kálgarð 467110 335060

Í skráningargögnum Guðrúnar Sveinbjarnardóttur frá 1981 fyrir Ystabæli kemur fram að kálgarðar hafi verið framan og sunnan við bæjartóft 01. Þar er fremur slétt og flatlent en engin ummerki um hlaðin gerði sem afmörkuðu kálgarða sjást á svæðinu. Líklega hefur verið sléttað yfir kálgarðana við túnræktun en mögulega hefur skurðgröftur suðaustan og suðvestan við bæjartóftina einnig raskað þessum minjum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Guðrún Sveinbjarnardóttir 1981, Ystabæli

RA-023:002 01 *Yztabæliskot vestra* tóft bústaður 466957 335163

"Ystabæliskot vestra stóð um 140 m norðvestur frá eystra kotinu. Hugsanlega kann það að hafa verið byggt af húsfólki í byrjun 18. aldar. Undir lok ábúðar á þessum býlum tveimur [sjá einnig 001] varð þar vart haldist við sökum Svarðbælisár, sem þá flæddi oft í vatnavöxtum yfir tún þeirra og haga. Býlið lagðist í eyði 1880," segir í Sunnlenskum byggðum. "Önnur þeirra [hjáleiganna] [001] er rétt austur við Miðbælismarkið, hin rétt austan við veginn, sem nú (1966) liggur niður að Yztabæli," segir í örnefnaskrá. Á bæjarstæði Ystabæliskots vestra er ekki mikil uppsöfnun mannvistarlaga greinileg og sést enginn bæjarhóll. Á bæjarstæðinu eru minjar á svæði sem er 40x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innan þess eru tvær minjaeiningar: stór bæjartóft 01 sem enn sést glögglega og óljós ummerki um kálgarð 02.

Minjar um Ystabæliskot vestra eru fast suðvestan við heimreið að Ystabæli á flatlendu og grasgefnu túni sem var ræktað á þessu svæði á 8. áratug síðustu aldar. Túnið hefur ekki verið nýtt lengi til annars en beitar og hefur því ekki verið endurræktað. Engar skepnur eru lengur á jörðinni og var því mikill grasgróður og sina á bæjarstæðinu þegar það var skráð á vettvangi í október 2020.

Minjalýsing á bæjarstæðinu hefst á bæjartóft 01 sem er á norðausturhluta þess. Tóftin er torfhlaðin og sneru stafnar húsa fram á hlað til suðausturs. Er tóftin 32x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í tóftinni eru sjö samansigin hólf en innanmál þeirra er nokkuð skýrt.



Uppmældar minjar á bæjarstæði Ystabæliskots vestra 023:001. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Hefst lýsing þeirra í suðausturenda tóftar en þar virðast íveruhúsin í bænum hafa verið. Á suðvesturhlið tóftar er op til norðausturs inn í stuttan gang og úr honum eru op inn í þrjú hólf; beint áfram til norðausturs og til beggja handa (suðausturs og norðvesturs). Öll eru hólfin áþekk að stærð, 4-5 m á lengd og 1,5-2 m á breidd, og snúa þau norðaustur-suðvestur. Skýrast er innanmálið í hólfinu sem er í suðausturenda tóftarinnar. Samansigið hólf er svo norðvestan við þessi þrjú hólf sem þegar hafa verið talin upp. Op er á því í suðvesturenda. Það hefur aflagast

Bæjartóft 002 01 og kálgarður 001 02, horft til suðausturs.

Mynd tekin með flygildi ofan á bæjartóft og leifar af kálgarði til norðausturs.

vegna hruns í norðurhorni og einnig vegna rásar sem liggur yfir norðausturvegg þess (líklega fjárgata). Er það 4x2,5 m að innanmáli. Ekki er útilokað að hér hafi verið lítið fjós því næst í röðinni til norðvesturs er stór heygarður. Hann er ferhyrndur, 7x5 m að innanmáli og snýr eins

og tóft. Ekki sést op á honum. Tvö lítil hólf eru við norðurhorn heygarðsins og eru op inn í þau í norðausturhornum. Vestara hólfið er 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður en austara hólfið er um 2x2 m að innanmáli. Norðurgaflinn á þessum hólfum er siginn og opin orðin mjög ógreinileg. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,5-0,6 m.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:SB IV, 70; Ö-Yztabæli, 1

RA-023:002 02 gerði kálgarður 466946 335159

Kálgarður 002 02 er nánast útflattur framan við bæjartóft Ystabæliskots vestra 002 01, horft til ASA.

Óljós ummerki sjást um kálgarð framan og suðvestan við bæjartóft Yztabæliskots vestra 01. Þar sjást útflattar leifar af gerði sem er 16 m á breidd og 40 m á lengd. Það snýr norðvestur-suðaustur, breiðast í suðausturenda en mjókkar til norðvesturs. Gerðið endar við heimreið að Ystabæli og hefur sá vegur líklega raskað kálgarðinum í norðausturenda. Kálgarðurinn hefur verið sléttaður út við túnrækt og eru hleðslur útflattar, 0,1-0,2 m á hæð og 2-3 m á breidd.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-023:003 frásögn óþekkt 467138 335109
Sigurður og Örn Sveinbjarnarsynir, heimildamenn, mundu eftir óljósum tóftarbrotum eða lágum hleðslum 28 m NNA við Yztabæliskot eystra/Finnskot 001, fast vestan við skurð á merkjum milli Yztabælis RA-022 og Miðbælis RA-020 og austan við grunnan og þurran vatnsfarveg.
Sléttlent og grasi gróið er á þessu svæði en það er innan túns sem ræktað var á 8. áratug síðust aldar. Fíflar vaxa á því en ekki annarsstaðar í kring.
Engar skýrar hleðslur eða mannvirki sjást á þessum stað en óljós ummerki um mannvistarleifar

Horft til austurs yfir svæðið þar sem minjar 003 voru.

Afmörkun svæðisins þar sem óljós ummerki eru um minjar 003. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

eru á svæði sem er 25x12 m að stærð og snýr NNA-SSV. Afmarkast það af skurði og skurðruðningi að austanverðu og kann að hafa náð lengra til austurs. Er líklegt að leifar af minjunum séu enn að hluta varðveittar undir sverði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-023:004 heimild um rétt 467059 335059
Í óbirtum skráningargögnum Guðrúnar Sveinbjarnardóttur fyrir Ystabæli og Ystabæliskot segir: "Sveinbjörn [Ingimundarson] segir tröð hafa verið vestan við [bæjartóft Eystra-Yztabæliskots 001], afgirt þar sem skepnur voru reknar í yfir nótt til að halda þeim frá slægjunni. Þetta var gert þar sem var landþröngt." Hefur þessi tröð verið litlu vestan við bæjartóftina 001 01.
Landið er flatlent og búið að slétta það að mestu leyti. Skurður er suðvestan við bæjartóftina og liggur líklega í gegnum það svæði sem tröðin hefur verið á eða mjög nærri henni.
Engin ummerki sjást um þetta mannvirki vegna sléttunar og skurðgraftar. Mögulegt er þó að leifar af því séu enn heillegar undir sverði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Guðrún Sveinbjarnardóttir 1981

RA-611 Fornl. á fl. en einni jörð

RA-611:007 heimild um leið 467089 335203
Á Herforingjaráðskort 59 NV er merkt leið sem liggur milli Ystabælis RA-022, Gíslakots RA-021 og Miðbælisbakka RA-020:007. Mælingar fyrir kortið voru gerðar árið 1907. Leiðin lá ennfremur á milli eyðibýlanna Ystabæliskots eystra RA-023:001 og vestra RA-023:002 og var leiðin skoðuð á því svæði (í landi Ystabælis) árið 2020.
Þar lá leiðin yfir flatlent og nokkuð sléttlent svæði sem var ræktað í tún á 8. áratug síðustu aldar en er komið í órækt. Víða eru ummerki um þurra og grunna vatnsfarvegi.
Engin ummerki sjást um leiðina í landi Ystabælis.

Hluti af Herforingjaráðskorti sem sýnir leið 611:007 þar sem hún liggur í gegnum úttektarsvæði í landi Ystabælis.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 59 NV

5. Niðurstöður

Í upphafi 18. aldar var jörðin Ystabæli metin á 10 hundruð og hjáleigan Ystabæliskot sömuleiðis metin á 10 hundruð.[1] Á fyrri öldum má þá gera ráð fyrir því að dýrleiki Ystabælis hafi verið 20 hundruð og hefur hún samkvæmt því talist meðaljörð. Jörðin öll er á grasi grónu flatlendi en flóð úr ám sem renna frá Eyjafjöllum til sjávar hafa valdið skemmdum á högum og slægjum og mikið landbrot hefur einnig haft neikvæð áhrif á búsetuskilyrði. Bærinn í Ystabæli hefur verið færður að minnsta kosti tvisvar undan ágangi sjávar og mikill sandur úr fjörunni gengur yfir landið.[2]

Jarðarinnar er fyrst getið í heimildum í máldaga Þykkvabæjarklausturs 1340.[3] Í kirknaskrá Páls Jónssonar biskups frá um 1200 er þess getið að kirkjur hafi verið í Arnarbælum tvennum[4] og hefur verið talið að þar sé átt við Miðbæli annars vegar og að hitt Arnarbælið hafi verið þar sem seinna hét (Stóra-) Borg.[5] Ystabæli hefur því upphaflega heitið Ysta-Arnarbæli.

Ekki er vitað hvenær Ystabæliskot byggist upp innan Ystabælisjarðarinnar en býlisins er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá upphafi 18. aldar.[6] Þar var seinna tvíbýli og fór Ystabæliskot vestra í eyði 1880 en það eystra um aldamótin 1900.[7] Búskapur var á Ystabælisjörðinni fram til aldamótanna 2000.

Guðrún Sveinbjarnardóttir, fornleifafræðingur, skráði ýmsar minjar á jörðinni sumarið 1981 þegar hún vann að undirbúningi ritunar byggðasögu Eyjafjallahrepps. Ræddi hún við þáverandi bónda á jörðinni, Sveinbjörn Ingimundarson. Eru frumgögn Guðrúnar varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands en upplýsingar úr þeim voru skráðar inn í Ísleifu, gagnagrunn Fornleifastofnunar Íslands, þegar svæðisskráning fyrir Rangárvallasýslu var unnin, um og upp úr síðustu aldamótum. Ekki er vitað til þess að aðrar fornleifarannsóknir hafi verið gerðar í landi Ystabælis.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat
RA-022:017		garðlag	landamerki	hleðslur signar	stórhætta
RA-023:001 01	Yztabæliskot eys	bæjarhóll	bústaður	hleðslur standa grónar	stórhætta
RA-023:001 02		tóft	óþekkt	hleðslur signar	stórhætta
RA-023:001 03		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	stórhætta
RA-023:002 01	Yztabæliskot ves	bæjarstæði	bústaður	hleðslur standa grónar	stórhætta
RA-023:002 02		gerði	kálgarður	hleðslur útflattar	stórhætta
RA-023:003		frásögn	óþekkt	ekki sést til fornleifar	stórhætta
RA-023:004		heimild	rétt	ekki sést til fornleifar	stórhætta
RA-611:007		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta

Tafla 1. Fornleifar innan deiliskipulagsreits í Ystakoti.

1 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (JÁM) I, 49.
2 Sunnlenskar byggðir (SB) IV, 69.
3 Diplomatarium Islandicum (DI) II, 740.
4 DI XII, 6.
5 Páll Sigurðsson 1865, 67; Lárus Björnsson 1925, 34-35.
6 JÁM I, 49-50.
7 Sunnlenskar byggðir (SB) IV, 70.

Innan deiliskipulagreitsins reyndust níu fornleifar, sjá töflu 1. Umfangsmestu minjarnar eru á bæjarstæðum Ystabæliskots eystra/Finnskots RA-023:001 og Ystabæliskots vestra RA-023:002. Þar eru enn glöggar bæjarrústir sem eru áþekkar að gerð þó að þær séu ekki nákvæmlega eins. Var þeim hlíft þegar tún var ræktað allt í kringum þær fyrir tæpum 50 árum. Er tóft Ystabæliskots eystra 001_01 nokkuð voldugri. Hún er 45 x 12 m að stærð og snýr austur-vestur. Stafnar húsanna hafa snúið fram á hlaðið til suðurs. Austast í tóftinni eru tvö hólf og vestan við þau eru stutt göng inn í þann hluta tóftarinnar þar sem íveruhúsin hafa að líkindum verið. Vestan við þau eru óljós ummerki um hólf, mögulega heystæði, og þar vestan við er svo hólf þar sem mögulegt er að fjós hafi verið. Framan við það er grunnur niðurgröftur þar sem mykju kann að hafa verið safnað. Vestast í tóftinni er stór heygarður. Austan við bæjartóftina er einföld og lítillega niðurgrafin tóft 001_02 sem er orðin illgreinileg. Hlutverk hennar er ekki þekkt en þarna kann að hafa verið útihús eða heystæði. Kálgarðar 001_03 voru framan og sunnan við bæjartóftina en engin ummerki um þá sjást lengur vegna sléttunar. Nærri eystra kotinu var lítil rétt eða aðhald RA-023:004 og óljós tóftabrot eða hleðslur RA-023:003 voru litlu norðaustan við eystra kotið. Lítil sem engin ummerki sjást lengur um þessar minjar vegna túnræktunar og sléttunar.

Mynd tekin með flygildi til norðvesturs yfir það svæði innan deiliskipulagsreitsins þar sem allar minjarnar fundust. Bæjartóft Ystabæliskots eystra er neðst á mynd, á milli skurða, og bæjartóft Ystabæliskots vestra ofarlega á mynd, nærri heimreið að Ystabæli.

Á bæjarstæði Ystabæliskots vestra er nokkuð stæðileg bæjartóft 002_01 sem er 32 x 16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturenda tóftar eru stutt göng sem liggja að þremur hólfum og má ætla að í þessum hluta tóftarinnar hafi verið íveruhús. Þar norðaustan við er svo hólf þar sem mögulega var fjós því eins og í tóft eystra kotsins er stór heygarður þar norðvestan við. Tvö hólf eru að endingu við norðurhorn heygarðsins og eru því húsin í þessari tóft ekki í einfaldri röð eins og í eystra kotinu. Framan og suðvestan við bæjartóftina má greina

óljós ummerki um kálgarð 002_02 sem hefur verið sléttað yfir.

Á austurmerkjum Ystabælis, á móti Miðbæli, er breiður og djúpur landamerkjaskurður. Á þessum merkjum var áður torfhlaðinn garður RA-022:017 sem girt var ofan á. Hann virðist hafa horfið þegar skurðurinn var grafinn en þó má enn sjá stuttan hluta af honum á milli skurðar og skurðruðnings suðaustan við Ystabæliskot eystra. Líklega er þessi garður ekki mjög gamall og gæti hann verið á mörkum þess að teljast til fornminja sökum ungs aldurs. Landamerkin eru eftir þráðbeinni línu en áður fyrr hafa náttúrulegar afmarkanir líklega ráðið merkjum á þessum slóðum, einkum árfarvegir. Ef rýnt er í loftmyndir af svæðinu má sjá að skurðurinn á merkjum virðist hafa skorið í gegnum a.m.k. eina tóft sem sést enn austan við hann, utan deiliskipulagsreitsins (sjá merkingu á minjakorti 3 aftast í skýrslu). Ekki sáust leifar af henni vestan skurðarins og er óvíst að hún hafi náð svo langt til vesturs. Hefur hún líklega verið í túni Péturskots RA-021 en ef Herforingjaráðskort af svæðinu er rétt upp og sett ofan á loftmynd má sjá að vestasti hluti þess túns lendir innan marka Ystabælis eins og merkin eru dregin í dag.

Enn er ónefnd leið RA-611:007 sem lá skáhallt í gegnum úttektarsvæðið en sést ekki lengur þar vegna túnræktunar. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti frá upphafi 20. aldar og lá á milli Ystabælis RA-022, Gíslakots RA-021 og Miðbælisbakka RA-020:007.

Innan úttektarsvæðisins eru þrjú greinileg mannvirki sem eru að öllum líkindum ekki nógu gömul til þess að geta talist til fornminja og voru því hvorki tekin með í fornleifaskrá né heldur gert hættumat fyrir þau. Það sem mælir gegn því að um fornleifar sé að ræða er einkum útlit mannvirkjanna en einnig var haft í huga að það var ekki fyrr en um miðja síðustu öld sem að böndum var komið á Svaðbælisá, sem fram að því hafði flæmst um svæðið og skert gæði landsins og nýtingarmöguleika þess. Heimildamenn og landeigendur sem eru fæddir og uppaldir á jörðinni töldu þar að auki engar líkur til þess að mannvirkin gætu talist til fornminja. Réttast þótti að gera grein fyrir þessum mannvirkjum engu að síður. Um er að ræða skurð og tvö garðlög og eru þau sýnd á minjakorti 3 aftast í skýrslu. Líklega er um ung áveitumannvirki að ræða og hleðslur undir girðingar:

Mannvirki 1 renna 467183 335269

Mannvirki 1 (renna), horft til norðausturs.

Sjá má grunna rennu og lítt afgerandi hrygg meðfram henni að austanverðu um 85 m norðan við Ystabæliskot eystra/Finnskot RA-023:001 og 44 m vestan og samsíða skurði á merkjum milli Miðbælis RA-020 og Ystabælis. Svo virðist sem að um áveituskurð eða framræsluskurð sé að ræða.

Rennan sést á 175 m löngum kafla og liggur hún NNA-SSV. Víðast er hún 0,1-0,2 m djúp og 0,5-0,8 m breið. Hryggurinn eða uppmoksturinn austan við rennuna er 0,1-0,2 m á hæð en allt að 0,3 m þar sem hann er hæstur. Vélgrafinn skurður liggur í gegnum rennuna nærri norðurenda og slítur hana í sundur. Er því ljóst að þessi renna er eldri en skurðurinn sem var

að líkindum grafinn á 8. áratug síðustu aldar. Fast norðan við vélgrafna skurðinn virðist hafa verið grafið upp úr rennunni og er hún mjög greinileg þar, 0,3 m á breidd og 0,4 m á dýpt. Gróðurinn á því svæði sem nyrsti hluti rennunnar liggur frá gefur til kynna að þar hafi verið votlent, jafnvel að þar hafi verið tjörn. Vel getur því verið að rennan hafi verið grafin í þeim tilgangi að veita vatni úr þessari tjörn og á þurrari svæði.

Mannvirki 2 garðlag 467107 335376

Mannvirki 2 (garðlag), horft til suðausturs.

Mjög sigið og ógreinilegt garðlag er í túni sem komið er í órækt og er á milli tveggja skurða til norðausturs og suðvestur en er afmarkað að heimreið að Ystabæli að norðvestanverðu og skurði á merkjum að suðaustanverðu. Norðurendi rennu (mannvirkis 1) er um 40 m suðaustan við garðinn. Ekki er útilokað að þessi garður og rennan tengist og séu áveitumannvirki. Garðurinn myndar vinkil og er 71 m langur þar sem hann liggur norðvestur-suðaustur en 34 m langur þar sem hann beygir frá norðvesturenda til norðausturs. Garðurinn er torfhlaðinn, 1 m breiður þar sem hann er breiðastur og 0,1-0,2 m á hæð. Innri brún garðsins er illgreinanleg en ytri brúnin nokkuð skýr.

Mannvirki 3 garðlag 467042 335137

Mannvirki 3 (garðlag), horft til norðausturs

Mjór og mjög lágur garður eða torfhleðsla liggur í vinkil norðan við þurrt og nokkuð gróskumikið svæði í flatlendinu á milli Ystabæliskots eystra 001 og Ystabæliskots vestra 002.
Garðurinn afmarkar svæði sem er 50x18 m að stærð og snýr ASA-VNV. Í VNV-enda sést garðhleðslan aðeins á 9 m kafla en í framhaldi af henni til SSV er lágur kantur sem er 10 m langur. Garðurinn er víða 0,5 m breiður en breiðastur er hann í VNV-enda þar sem hann er um 1 m. Hann er 0,2 m á hæð þar sem hann er hæstur en víða er hann aðeins 0,1 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn gegndi og er mögulega um unga hleðslu undir girðingu að ræða.

Minjarnar sem skráðar voru eru flestar 19.-20. aldar minjar í grunninn en eldri minja er að vænta á bæjarstæðum Ystabæliskots eystra og vestra. Að býlistóftunum frátöldum eru minjarnar innan úttektarsvæðisins ýmist horfnar eða talsvert mikið raskaðar. Mikilvægt er að stuðla áfram að varðveislu býlistóftanna og forðast frekara rask en orðið er á öðrum minjum.

Allar fornminjar sem skráðar voru innan svæðisins eru skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda en það ætti að vera fremur auðvelt að koma í veg fyrir að raska þekktum minjum á svæðinu. Hafa ber í huga að á bæjarstæðum Ystabæliskots eystra og vestra voru aðeins skráðar þær minjar sem enn sjást eða heimildir eru um. Líklegt er að fleiri minjar séu undir sverði í næsta nágrenni við kotin og æskilegt að byggingareitir íbúðarhúsa séu eins langt frá bæjarstæðunum og hægt er. Þá ber einnig að hafa í huga að áður óþekktar minjar kunna að koma í ljós við jarðrask innan svæðisins og skal þá hafa samband við Minjastofnun Íslands og gera viðvart um

fundinn. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.

6. Heimildaskrá

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI. 1853-1976. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Guðrún Sveinbjarnardóttir. 1981. Óbirt frumgögn úr fornleifaskráningu á Yztabæli. Varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands.

Herforingjaráðskort 59 NV. 1908. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn.

JÁM I: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I*. Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla. 1913-1917. Kaupmannahöfn.

Ólafur Lárusson. 1925. „Kirknatal Páls Jónssonar.“ *Skírnir 99*: 16-37.

Páll Sigurðsson. 1865. „Bæjarfundrinn undir Eyjafjöllum.“ *Þjóðólfur 17* (16-17): 67-68 og (18-19): 77-78.

SB IV: *Sunnlenskar byggðir IV*. Rangárþing austan eystri Rangár. 1982. Búnaðarsamband Suðurlands, [Selfoss].

SSR: *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. Rangárvallasýsla. 1968. Rangæingafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Sædís Gunnarsdóttir. 2000. *Menningarminjar í Rangárvallasýslu. Greinargerð um svæðisskráningu*. FS122-99023. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Ö-Yztabæli: Örnefnaskrá Yztabælis. Þórður Tómasson skráði 1966. Örnefnasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn

Sigurður Ingi Sveinbjarnarson frá Ystabæli, f. 9.4. 1954

Örn Sveinbjarnarson frá Ystabæli, f. 30.9. 1951

7. Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
RA-022:017	335050	467121
RA-023:001_01	335069	467091
RA-023:001_02	335074	467123
RA-023:001_03	335060	467110
RA-023:002_01	335163	466957
RA-023:002_02	335159	466946
RA-023:003	335109	467138
RA-023:004	335059	467059
RA-661:007	335203	467089

8. Minjakort

Minjakortin eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Kort 1: Yfirlitskort

Kort 2: Yztabæliskot



Kort 3: Fornminjar og önnur mannvirki